

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. janúar 1987. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. janúar 1987 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 420 19. nóvember 1985.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING
um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 680 fyrir 1. ársfjórðung 1987.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F.h.r.
Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.